

Norræna húsið:

Sara Lidman kynnir verk sín

A þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík, sem stendur yfir þessa viku, verður úthlutað bókmennta- og tónlistaverðlaunum Norðurlandaráðs 1980.

Af þessu tilefni efnir Reykjavíkurdeild Norræna félagsins til hátíðafundar í Norræna húsinu miðvikudaginn 5. mars kl. 20:30, þar sem bókmenntaverðlaunahafinn, Sara Lidman frá Svíþjóð, kynnir verk sín. Þar verða einnig veitt verðlaun í samkeppni Norrænu félaganna um merki fyrir málaárið og Sigríður Ella

Magnúsdóttir syngur norræn lög.

Reykjavíkurdeildin hefur tekið það upp sem fastan lið í starfsemi sinni að efna til sérstaks hátíðafundar einu sinni á vetri og fá þá kunna menningarfrömuði eða stjórnmálamenn til að flytja erindi. Á síðasta ári var Einar Gerhardsen fv. forsætisráðherra gestur félagsins. Enda þótt slík skemmtikvöld séu fyrst og fremst ætluð félögum Norræna félagsins, þá eru allir velkomnir, meðan húsrúm leyfir.

A síðastliðnum vetri var efnt til

fundar sérstaklega ætlaðan ungu fólki og kynntir þar námsmöguleikar á Norðurlöndum, styrkjarmöguleikar í sambandi við nám og einnig voru kynntir ferðamöguleikar bæði til Norðurlanda, innan þeirra og innan Evrópu. Fundur þessi naut mikilla vinsælda og þess vegna hefur Reykjavíkurdeildin ákveðið að efna til annars fundar um sama efni í aprílmánuði.

Ýmislegt fleira er á döfinni hjá deildinni og ber þar hæst höfuð borgarráðstefnu í júní þar sem vænst er 100 þátttakenda frá hinum höfuðborgum Norðurlanda.

Höfuðefni þeirrar ráðstefnu verður: Ísland í dag — Fólk og umhverfi.

Árbók Hins íslenska fornleifafélags:

Endurútgefin í ljósprenti

JSS — Bókautgáfan Þjóðsaga hefur nú hafið endurútgáfu Árbókar Hins íslenska fornleifafélags. Er 1. bindi þessarar samantektar komið út og spannar það árgangana frá 1880-1885.

Tildrög útgáfunnar eru þau, að síðla þessa árs kom Hafsteinn Guðmundsson bókautgefandi að máli við stjórn Hins íslenska fornleifafélags. Bauðst hann til að láta ljósprenta alla eldri árganga Árbókar á sinn kostnað og gefa út í áföngum. Var hugmynd hans sú að gefa út í einu svo mörg hefti, sem svara myndu hæfilegu bindi, og hafa jafnframt á boðstólum nægilega mörg sérstök innbundin hefti, einkum með tilliti til þeirra sem eiga einhvern hluta ritsins.

Tók stjórn svo og fulltrúaráð



Hafsteinn Guðmundsson bókautgefandi og forseti Íslands Kristján Eldjárn, formaður Hins íslenska fornleifafélags, með nokkur bindi fyrstu útgáfu Árbókarinnar.

félagsins þessu boði með þökkum og vill svo skemmtilega til að fyrsta endurútgáfan verður að veruleika um sama leyti og ein öld er liðin frá stofnun félagsins, sem var 8. október 1879.

Er fyrirhugað að næsta bindi komi út í marsmánuði og hefur

það að geyma árgangana 1886-1896. Þannig er fyrirhugað að ljósprenta alla árganga aftur til 1955 og er reiknað með að bindin verði alls 14 talsins. Verður upplag hvers bindis 1500 eintök og kostar hvert bindi um 14.000 krónur.

Baltasar og Pétur Behrens sýna á Kjarvalsstöðum

AT/SI — Sl. laugardag opnuð á Kjarvalsstöðum tvær sýningar. Á vesturgangi Kjarvalsstaða sýnir Pétur Behrens. Hann er þýskur að uppruna, fluttist til Íslands 1962 og gerðist síðar íslenskur ríkisborgari. Hann stundaði nám við Hochschule für Bildende Kunst und Meisterschule für Graphik í Berlin. Pétur vann

lengi vel við auglýsingateiknun eftir að hann kom til landsins, en síðar rak hann um árabil tamningastöð í Keldnakoti í Flóa ásamt konu sinni Ragnheiði Sigurgrímsdóttur frá Holti.

Pétur hefur kennt við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Myndlistaskólann í Reykjavík. Hann leggur nú stund á frjálsa

myndlist. Viðfangsefnið á þessari sýningu eru öll sött í umhverfið í Flóanum, þorpin við ströndina og hestamennsku og auk þess eru hér allmörg portret.

Framhald á bls. 23.




Gallerí Suðurgötu boðið að sýna í New York

Gallerí Suðurgötu 7 hefur verið boðið að taka þátt í risastórri myndlistarsýningu í New York, ARTEXPO 1980 í byrjun mars. Til þess að hægt yrði að ráðast í slíkt stórvirki sem þátttaka á slíkri sýningu er hefur galleríð verið með margs konar fjáröflunarleiðir. Lokaátakið í fjáröflun Gallerísins er sölusýning þar sem fólki gefst kostur á að kaupa ódýr myndverk eftir aðstandendur gallerísins. Sölusýning þessi verður aðeins opin þessa helgi frá 2-10 bæði laugardag og sunnudag. Einnig verður þar hægt að fá keyptan katalog frá sýningunni Íceland sem haldin var í Flórens á Ítalíu og lauk nú fyrir skömmu. Þetta eru síðustu forvöð að fá bók þessa því allt upplagið verður sent erlendis til kynningar á íslenskri myndlist. Þá liggur einnig

frammi tímarit gallerísins Svart á Hvítu, en nú hafa komið út 5 tölublöð af því og tvö eru væntanleg í næsta mánuði. Einnig verða til sölu veggspjöld og póstkort sem galleríð hefur gefið út.

Sýningin í New York er alþjóðleg sýning sem haldin er í New York Colosseum og sýna þar rúmlega 200 gallerí verk, þúsunda listamanna. Meðal annars verða á þessari sýningu verk eftir „gömlu meistarana“ Picasso, Dalí o.fl. Þeir sem taka þátt í sýningunni fyrir hönd Gallerísins eru:

Bjarni H. Þórarinnsson, Friðrik Þór Friðriksson, Margrét Jónsdóttir og Steingrímur Eyfjörð Kristmundsson og eiga þau öll myndverk á fyrirhugaðri sölusýningu.



Pétur Behrens við málverk sitt af Sigurgrími Jónssyni í Holti. G.E.



Baltasar við eitt verka sinna Tímamynd G.E.

AIÐNVAL
BOLHOLTÍ 4 8-31-55
byggingaþjónusta 8-33-54

„FULNINGA“
INNIHURÐIR

Tvímælalaust
þær allra glæsilegustu
hurðir
sem til eru á
markaðnum.



EIK sf. LAUFAINNRÉTTINGAR

